

ÁRSSKÝRSLA 2020



Vísindagarðar
Háskóla Íslands



VÍSINDAGARÐAR VERÐI SUÐUPOTTUR GRÓSKU OG NÝRRA HUGMYNDA!

„Í mínum huga eru Vísindagarðar einn mest spennandi vaxtarbroddurinn í starfi Háskóla Íslands. Eins og þróunin hefur verið undanfarin misseri þá er margt að gerast og mikill hraði í uppbyggingunni – þarna er snerpan í lagi. Vísindagarðar skipta Háskólann einnig máli þegar kemur að ímyndinni og fela í sér ótal tækifæri að bregðast hratt við nýjum straumum og tengjast atvinnulífinu á öflugan hátt,“ segir Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands. Hann hefur mikinn áhuga á framþróun og eflingu Vísindagarða Háskóla Íslands og fylgist vel með starfseminni. Við spjölluðum við hann á björtum degi í mars og lögðum fyrir hann fimm spurningar.

Hvernig sérðu uppbygginguna á svæðinu fyrir þér?

„Mér finnst við núna loksins komin á beinu brautina, við erum að taka flugið eftir margra ára undirbúning ef svo má segja. Jafnframt er fólk almennt að uppgötva ávinninginn af Vísindagörðum smátt og smátt. Gróska er kannski það hús á svæðinu sem færir Vísindagarða nær almenningi og þeir urðu með því áþreifanlegri ef svo má segja. Margir veltu fyrir sér hvernig þetta hús myndi passa inn í hugmyndafræði Vísindagarða en nú er það orðið að veruleika og þá standa jákvæðu viðbrögðin ekki á sér. Þetta hús skapar gríðarleg tækifæri og setur Vísindagarða enn betur á kortið.“

Nú þurfum við að einhenda okkur í að ráðstafa þeim lausu lóðum sem eru í boði á svæði Vísindagarða og fá fleiri spennandi fyrirtæki inn á svæðið. Það hefur ekkert upp á sig að bíða – við þurfum að keyra málin áfram. Ein þessara lóða er hugsuð fyrir hús þar sem starfsemi Háskólans færi fram og gengur undir nafninu Torg Jónasar Hallgrímssonar. Við þurfum að finna því skýran farveg þannig að Háskólinn sé með sterkt akkeri inni á svæðinu. Við erum með starfsemi í öllum húsunum sem þegar hafa risið, hjá Íslenskri erfðagreiningu, Alvotech og Grósku þar sem CCP og nýsköpunarsetrið eru til húsa, en það er svo margt fleira sem við getum gert og við eigum að gera það hratt!“

Hvað með tækifæri til frekari tengingar Háskólans við Vísindagarða?

„Ég sé fyrir mér að með vaxandi styrk Vísindagarða getum við skapað fjölbreytt og spennandi atvinnutækifæri fyrir nemendur okkar. Öflugir Vísindagarðar skipta þá miklu máli þar sem þeir sjá mörg af öflugustu fyrirtækjum landsins vaxa og dafna á háskólalóðinni. Með því skapast einnig fleiri tækifæri til samstarfs Háskólans og atvinnulífs á fjölmörgum sviðum. Það má því segja að með Vísindagörðum höfum við klárt samkeppnisforskot fyrir bæði starfsfólk og nemendur skólans.“

„Nú þurfum við að einhenda okkur í að ráðstafa þeim lausu lóðum sem eru í boði á svæði Vísindagarða og fá fleiri spennandi fyrirtæki inn á svæðið. Það hefur ekkert upp á sig að bíða – við þurfum að keyra málin áfram.“

– Jón Atli Benediktsson,
rektor Háskóla Íslands

Hvernig samfélag eiga Vísindagarðar að skapa?

„Mig dreymir um eitt sameinað samfélag með heildartengingu alls háskólasvæðisins. Þá er ég að tala um veitingastaði, Hámu, kaffihús og fleira þannig að fólk fari á milli ólíkra hluta svæðisins, spjalli saman og myndi þannig nýjar tengingar og grundvöll samstarfs. Út úr þessu gæti komið heilmikill fjöldi hugmynda sem færa með sér ný tækifæri og sprota fyrir íslenskt samfélag. Háskólinn starfar á breiðum grundvelli og við teljum að það gagnist fyrirtækjum sem eru og verða með starfsemi á Vísindagörðum vel – þannig hagnast allir. Í tilfalli CCP erum við t.d. að tala um samstarf á mjög breiðum grundvelli.“

Hvaða máli skipta Vísindagarðar fyrir nýsköpunarstarf á háskólasvæðinu?

„Háskólar leika lykilhlutverk í nýsköpun í samfélögum og það að Vísindagarðarnir séu að eflast innan háskólasvæðisins mun hjálpa Háskólanum að sinna því hlutverki enn betur. Nýsköpun og frumkvöðlamenning er gríðarlega mikilvæg í öllu okkar starfi. Það er sérstaklega gaman að vinna með nemendum og þar sem eðli háskóla er jú að sinna grunnrannsóknnum alla jafna geta sprottið upp margar hugmyndir sem hægt er að vinna áfram.“

En það er líka hægt í minni verkefnum með nemendum þar sem fram geta komið mjög efnilegir sprotar sem hægt er að þróa frekar. Þegar ég starfaði sem prófessor í rafmagnsverkfræði var vinnan með nemendum eitt af því skemmtilegasta sem ég gerði. Nemendur eru yfirleitt til í að stökkva á eitthvað nýtt og spennandi, slá til og sjá hvert það leiðir. Með nýsköpunarsetri í Grósku sköpunum við líka nýjan farveg fyrir allar þessar hugmyndir og það er mjög mikilvægt að mínu mati.

Ég vil líka nefna að eitt af því sem við leggjum áherslu á í háskólanum er þverfræðileiki – að samtvinna ýmislegt sem kemur frá mörgum fræðigreinum – og það er líka lykill að nýsköpun. Að tengja saman fólk úr ólíkum greinum, fá það yfir í næsta herbergi, spjalla, fá nýja hugmyndir sem geta hjálpað manni að þróa verkefni sín.“

Hvert er hlutverk Vísindagarða í framtíðinni?

Vísindagarðar eru staður þar sem nýjar hugmyndir fæðast og eru þar af leiðandi gríðarlega aðlaðandi staður á Íslandi fyrir fyrirtæki að tengjast.

Ég sé fyrir mér sannkallaðan suðupott – tækifæri fyrir nemendur og mest spennandi staðinn á öllu landinu fyrir skapandi og hugmyndaríkt fólk.

„Háskólar leika lykilhlutverk í nýsköpun í samfélögum og það að Vísindagarðarnir séu að eflast innan háskólasvæðisins mun bara hjálpa Háskólanum að sinna því hlutverki enn betur.“



Eglo
Bjargargata

„Það má búast við að samfélagið þróist hratt á næsta ári þegar skorðum vegna Covid verður aflétt og eðlileg starfsemi getur náð skriði. Þá mun sýn Vísindagarða um að vera tengslatorg nýsköpunar byrja að skína sterkar og virðisauki starfseminnar fyrir land og þjóð verða skýrari.“



Sigurður Magnús Garðarsson, stjórnarformaður Vísindagarða Háskóla Íslands:

HRÖÐ UPPBYGGING VÍSINDAGARÐA

Árið var viðburðaríkt hjá Vísindagörðum og vel miðaði í uppbyggingu og þróun svæðisins þrátt fyrir Covid. Samfélag nýsköpunar er að taka á sig skýrari mynd og mun eflast hratt með staðsetningu margra öflugra aðila í Grósku. Það má búast við að samfélagið þróist hratt á næsta ári þegar skorðum vegna Covid verður aflétt og eðlileg starfsemi getur náð skriði. Þá mun sýn Vísindagarða um að vera tengslatorg nýsköpunar byrja að skína sterkar og virðisauki starfseminnar fyrir land og þjóð verða skýrari. Jafnframt hefur tenging Vísindagarða og samstarfsaðila við nemendur, innviði og rannsóknauhverfi Háskóla Íslands eflst verulega á árinu og lagður hefur verið grunnur að frjóum jarðvegi fyrir næstu ár.

Stjórn Vísindagarða hóf stefnumótunarvinnu í lok ársins en byggt er á stefnunni sem sett var 2016. Stjórnin stefnir á að klára stefnumótunarsinnuna eftir aðalfund þegar ný stjórn hefur tekið við og jafnframt verður aðgerðaáætlun unnin til að stuðla að markvissri innleiðingu. Stefna Vísindagarða mun meðal annars taka mið af nýrri stefnu Háskóla Íslands sem verið er að vinna að. Þar er sérstaklega horft til samstarfs við atvinnulífið og styrkingar rannsóknarumhverfis háskólans.

Uppbygging samstarfsaðila Vísindagarða á Vísindagarðasvæðinu gekk vel á árinu.

Alvotech gerði samning við Vísindagarða um stækkun hátækniseturs síns og eru framkvæmdir þegar hafnar. Stækkun Alvotech mun efla enn frekar rannsóknir og þróun fyrirtækisins á svæðinu og einnig mun

Háskóli Íslands hafa tilraunaaðstöðu í húsinu fyrir lðnaðarlíftækni ásamt aðstöðu fyrir framhaldsnema. Þetta mun auka enn það góða samstarf sem er milli Alvotech, Háskóla Íslands og Vísindagarða til hagsbóta fyrir rannsóknir og ekki síst efla tækifæri nemenda til að vinna raunhæf rannsóknarverkefni í tengslum við vísindafólk Alvotech.

Gróska var opnuð á árinu og hefur farið vel af stað. Vel gengur að fá öflugra aðila inn í húsið. Vísindagarðar opnuðu Mýrina jarðhæð Grósku en það er nýsköpunarsetur þar sem klasar og sprotar sem eru að taka fyrstu skrefin geta fengið aðstöðu. Mýrin er stórt skref í þá átt að uppfylla stefnu Vísindagarða að búa til suðupott nýsköpunarsamfélagsins. Í Grósku hefur World Class einnig komið sér fyrir og þar stendur til að opna kaffihús og mathöll en þannig fáum við lifandi vísindagarða með fjölbreyttri starfsemi. CCP er kjarnaaðili í Grósku og eins hefur Fjártækniklasinn flutt í húsið og það er ánægjulegt að sjá að húsið er þegar orðinn segull á frjóar hugmyndir í nýsköpunargeiranum. Háskóli Íslands mun flytja námsbraut í tölvunarfræði í Grósku og mun nálægð við CCP og aðra aðila á upplýsingatæknisviðinu skapa frjótt umhverfi til rannsókna og tækifæri fyrir nemendur háskólans.

Íslensk erfðagreining sýndi vel á árinu hversu mikilvægt það er að hafa sterka rannsóknagetu og þekkingu innanlands þegar upp koma áföll á borð við Covid. Samstarf fyrirtækisins og háskólaumhverfisins er mikið og fjölmörg tækifæri til staðar sem unnið er að, að þróa áfram.

Félagsstofnun stúdenta opnaði sinn stærsta stúdentagarð sem byggður hefur verið í suðvesturhorni Vísindagarða. Stúdentagarðurinn er um 14.000 fm að stærð á fimm hæðum, með um 244 leiguingar fyrir barnlaus pör og einstaklinga, alls tæplega 300 manns.

Eitt af markmiðum Vísindagarða er að efla rannsóknir. Í því skyni samþykkti stjórn á árinu að styrkja tvo doktorsnema á hverju ári í gegnum Doktorsstyrkjasjóð Háskóla Íslands þannig að á hverjum tíma verða sex doktorsnemar á styrk frá Vísindagörðum. Fyrsta úthlutunin verður vorið 2021.

Á árinu var gengið frá ráðningu framkvæmdastjóra en aðeins eru 1,5 stöðugildi hjá Vísindagörðum. Þjónusta varðandi einstök verkefni er keypt í ráðgjafavinnu eftir því sem þörf krefur. Starfsfólk Vísindagarða, framkvæmdastjóri og markaðsstjóri, flutti sig í Mýrina á árinu og hefur það gefist mjög vel.

Nokkrar breytingar verða á stjórn Vísindagarða á þessum aðalfundi. Úr stjórninni ganga Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Icelandair, og Guðmundur Hafsteinsson frumkvöðull. Þau hafa bæði verið í stjórninni um árabil og lagt inn sína verðmætu reynslu og þekkingu til uppbyggingar Vísindagarða. Vísindagarðar Háskóla Íslands eru í hraðri uppbyggingu og spennandi tímar framundan við að byggja upp öflugt samfélag nýsköpunar með okkar öflugum samstarfsaðilum.





ÞETTA HELST Á ÁRINU 2020

Árið 2020 var heldur betur heldur betur óvenjulegt og fóru Vísindagarðar ekki varhluta af faraldrinum sem snerti alla kima íslensks samfélags. Árið var notað einna helst til að undirbúa opnun hins glæsilega húss Grósku þar sem nýsköpunarsetur Vísindagarða hefur aðsetur. Stjórnarfundir voru haldnir reglulega auk þess sem margt annað var á döfni. Hér á eftir verður íprað á því helsta sem dreif á daga starfsfólks og stjórnar Vísindagarða Háskóla Íslands á hinu óvenjulega ári 2020.

Spennandi framtíðarmöguleikar á Randbyggðarsvæðinu

Randbyggð við Landspítala var auglýst til uppbyggingar árið 2019 með sérstökum kynningarfundum sem var afar fjölsóttur. Fyrirtækið Deloitte vann útboðsgögn vegna uppbyggingarinnar og voru þau nokkuð ítarleg. Lögð var áhersla á þróun og nýsköpun og eins var gerð krafa um að ákveðinn hluti af væntanlegum leigjendum á svæðinu fengi leigusamninga á kostnaðarverði. Engin tilboð bárust í lóðirnar og því var farið fram á fundi með helstu fasteignafélögunum til að fá þeirra sýn á málið. Upp úr kafinu kom að mönnum þótti skipulagsleg óvissa of mikil og því fór sem fór. Áfram var unnið í málinu og snemma árs kom upp sú staða að endurskoða þurfti deiliskipulag Landspítalalóðarinnar í heild sinni. Vísindagarðar tóku virkan þátt í þeirri vinnu en lögð

var áhersla á að leyst yrði úr skipulagsóvissu vegna randbyggðarlóðanna. Hún varð hins vegar flóknari vegna hugmynda um að setja Hringbraut í stökk en með því skapast raunar einnig fleiri tækifæri til þróunar lóðanna.

Stækkun hátækniseturs Alvotech

Á árinu fékk stjórn Vísindagarða það hlutverk að taka afstöðu til erindis Alvotech um stækkun hátækniseturs Alvotech. Formaður stjórnar leiddi viðræðurnar sem báru góðan árangur og var fyrsta skóflustungan að nýrri viðbyggingu tekin af þeim Róbert Wessman, forstjóra Alvotech, Jóni Atla Benediktssyni, rektor Háskóla Íslands, og Degi B. Eggertssyni borgarstjóra þann 30. desember 2020.

Hverfastöðin á Vísindagarðareitnum

Um mitt árið lá fyrir að hverfastöðin flytti í Örfirisey og að húsin myndu þá tæmast. Stjórn Vísindagarða samþykkti að heimila skoðun á lántöku til kaupa á húsnæðinu en vegna kaupa á bílakjallara undir húsakynnum FS reyndist ekki svigrúm til þess. Óformlegar viðræður hafa þó átt sér stað við Reykjavíkurborg um kaup á húsunu og mjakast í samkomulagsátt. Vísindagarðar hafa lagt kapp á að fá húsin á lóðinni til umráða en ekki var gengið frá þeim samningum á árinu en vonandi birtir til með betra svigrúmi til þess á árinu 2021.

Skipulagsmál

Stjórn Vísindagarða fól skipulagshöfundum að skoða gildandi deiliskipulag með tilliti til mögulegra hugmynda um uppbyggingu fyrir Menntavísindasvið á Vísindagörðum. Slíkar hugmyndir kalla á endurskoðun á hlutverki Jónasartorgs, þar sem til greina kemur að Gróska geti jafnvel sinnt því hlutverki sem Jónasartorgi var ætlað í upphafi.


Þá skoðuðu skipulagshöfundar hversu miklu byggingarmagni megi koma fyrir á umræddum reit, en ítarleg kynning á þessum málum liggur fyrir þar sem sýndar eru tvær útfærslur Jónasartorgs. Ljóst er að áframhaldandi umræða um skipulag Vísindagarða er nauðsyn og tengja þarf þá umræðu við endurskoðun rammaskipulags heildarsvæðisins sem nú er í gangi af hálfu Háskólans. Að lokum þarf að taka tillit til Borgarlínu um svæðið.

Vinnubúðir keyptar og seldar

Vísindagarðar höfðu milligöngu um kaup á vinnubúðum vegna Grósku og seldu þær áfram til Alvotech. Með þessu móti verður um minni háttar rask á svæðinu að ræða vegna þessa. Jafnframt tryggðu Vísindagarðar sér forkaupsrétt að þeim aftur þegar notkun er lokið og því er hér komið gott dæmi um sjálfbærni og endurnýtingu sem sparar bæði tíma og peninga.

Á árinu fékk stjórn
Vísindagarða það hlutverk
að taka afstöðu til erindis
Alvotek um að stækka
væntanlega viðbyggingu
við hátækni-setur
fyrirtækisins meira en ráð
var fyrir gert í upphafi.





Hugmyndin með
Nýsköpunarsetri
Vísindagarða er að byggja
upp öflugt, fjölbreytt og
skemmtilegt samfélag sem
stuðlar að tengslamyndun
og ýtir undir sköpun og
kraft.

MÝRIN - Nýsköpunarsetur Vísindagarða opnar

Á jarðhæð Grósku er Nýsköpunarsetur Vísindagarða til húsa. Í setrinu verða um 92 opin borð, 11 skrifstofur, fundarherbergi og önnur hefðbundin aðstaða. Í kjölfarið hófst Mikil vinna hefur farið í að skipulegga og útfæra starfsemi nýsköpunarsetursins. Fyrir lágu umsóknir frá nokkrum aðilum um að flytja starfsemi sína á Vísindagarða og ákveðið var að fjórir lykilaðilar úr þeim umsóknum fengju skrifstofuaðstöðu: *Icelandic startups, Auðna tæknitorg, Ferðaklasinn* og *Miðstöð hönnunar og arkitektúrs*. Þá fékk Vísinda- og nýsköpunarsvið Háskóla Íslands góða aðstöðu í opnu rými og 12 borð til ráðstöfunar. Horft var til þess að allir þessir aðilar líta á það sem sitt hlutverk að styðja við nýsköpun, hafa sterk tengsl við atvinnulífið, eru ekki reknir í hagnaðarskygni og halda úti öflugri dagskrá um sín málefni.

Hugmyndin með Nýsköpunarsetri Vísindagarða er að byggja upp öflugt, fjölbreytt og skemmtilegt samfélag sem stuðlar að tengslamyndun og ýtir undir sköpun og kraft. Setrið auglýsti sjö skrifstofur og 40 borð til leigu og reyndist eftirspurn eftir rýminu meiri en framboð. Um miðjan september lá fyrir tillaga að fullmönnuðu nýsköpunarsetri sem opna átti um miðjan október. Það er skemmst frá því að segja að Covid setti strik í reikninginn og töfðust framkvæmdir nokkuð og fengu Vísindagarðar húsnæðið ekki afhent fyrr en í lok nóvember. Afhending húsgagna tafðist einnig sem gerði það að verkum að setrið var hálf-opnað í desember 2020. Þá höfðu sóttvarnareglur veruleg áhrif á fjölda þeirra sem fengu inni í setrinu. Um áramótin voru að staðaldri um 40 manns á staðnum.

Vísindagarðasvæðið og ásýnd þess

Segja má að svæði Vísindagarða sé vel úthugað og tilbúið fyrir margbreytilega starfsemi. Lögð hafa verið rör sem tengja saman allar lóðirnar þannig að draga meg í þau ljósleiðara með góðu móti. Allir ljósastaurar eru tengdir ljósleiðurum til að undirbúa „Smart city“ og 5G væðingu þegar að því kemur. Lokið var við frágang svæðisins milli Grósku og Íslenskrar erfðagreiningar auk þess sem framkvæmdum við íbúðarhús Félagsstofnunar stúdenta lauk, en húsið var vígt í febrúar. Við það tilefni var fyrrverandi framkvæmdastjóra Vísindagarða, Eiríks Hilmarssonar, minnst en hann lést fyrir aldur fram árið 2018. Þá lauk framkvæmdum utanhúss við Grósku og tölvuleikjafyrirtækið CCP flutti inn á 3. hæð hússins í maí. World Class sem er á 1. hæðinni hugðist opna í október en það frestaðist vegna Covid.

Bílakjallari og bílastæðamál

Í apríl fengu Vísindagarðar bílakjallarann undir húsi FS afhentan. Til stóð að leigja út hluta hans til háskólans fyrir geymslur og eins voru uppi hugmyndir um hefðbundinn bílakjallara. Ekki gekk þetta eftir m.a. vegna eldvarnamála. Síðar voru teknar upp viðræður við Alvotech um möguleg kaup eða leigu á kjallaranum, en félagið hefur sýnt því áhuga og eru þessar viðræður í gangi. Á árinu barst Vísindagörðum erindi frá fyrirtækinu Gulur bíll sem snerist um úttekt á því. hvort fýsilegt væri að gera bílastæði á miðlóðum Vísindagarða og setja á gjaldskyldu. Samþykkti stjórnin að kaupa skýrslu af félaginu, en í henni kemur m.a. fram að upplagt sé að setja upp gjaldskyldu á svæðinu. Í framhaldinu var haft samband við Reykjavíkurborg sem lagði til að umsókn um þetta yrði unnin í samstarfi við HÍ og þá var það ósk borgarinnar að

að bílastæðið neðan Aðalbyggingar HÍ yrði fjarlægð. Ekki hefur náðst samkomulag um það við skólann. Á hinn bóginn hafa Vísindagarðar undirritaðan samning við Reykjavíkurborg sem heimilar gerð bráðabirgðastæða á óbyggðu lóðunum. Hver svo sem niðurstaðan verður að lokum er alveg ljóst að ganga þarf frá lóðinni með einhverjum hætti þar sem ásýnd hennar er ekki viðunandi.

Fjármálin

Fjármál félagsins eru í góðu jafnvægi og ekki kom til þess að nota þyrfti yfirdráttarheimild sem fengin var hjá Landsbankanum vegna kaupa á bílakjallara af FS og mögulegra kaupa á hverfastöðinni. Leigusamningur við Íslenska erfðagreiningu og áhvílandi lán er í jafnvægi. Huga þarf að skuld við Háskólann og mælt er með því að greiða inn á vexti sem leggjast við skuldina samkvæmt samningi. Þá er ljóst að sjóður félagsins vex ört á næstu árum og því mikilvægt að stjórn móti stefnu um hvernig honum skuli varið. Áhrif Covid á rekstur félagsins voru tiltölulega lítil. Þó var gengið frá samningi við Grósku um frestun lóðaleigugreiðslna og eins munu leigugreiðslur frá leigjendum Vísindagarða ekki hefjast fyrr en árið 2021. Þá urðu heldur ekki til tekjur af bílakjallaranum eins og til stóð. Nánar er gerð grein fyrir fjármálum í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi.

„Íslenski ferðaklasinn er verkefnadrifinn vettvangur og hreyfiafl nýsköpunar fyrir ferðaþjónustu. Eitt af lykilhlutverkum Ferðaklasans er að virkja og tengja saman fólk og hugmyndir til þess að efla verðmætasköpun og auka samkeppnishæfni í greininni. Gróska fyrir okkur er ákveðið tengivirki sem gefur okkur tækifæri til að efla vistkerfið okkar enn betur þar sem við getum tekið á móti frumkvöðlum og hjálpað þeim að brúa bilið yfir í stærri hugmyndir, tengt þá við samstarfsaðila eða fjárfesta eða brúað bilið inn í háskóla- og rannsóknarumhverfið sem umvefur Vísindagarðana í Grósku.

– Ásta Kristín Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri Íslenska
ferðaklasans





„Miðstöð hönnunar og arkitektúrs vinnur að því að auka samstarf milli hönnuða og fyrirtækja og efla hönnunardrífna nýsköpun sem mótandi afl í samfélagi og atvinnulífi á Íslandi.

Það er einstakt tækifæri að flytja í Grósku, nýjan og spennandi suðupott nýsköpunar þar sem hönnuðir mæta aðilum úr ólíkum geirum í verkefnum sem snúa að nýsköpun, þróun og framtíðaruppbyggingu.“

– Halla Helgadóttir,
framkvæmdastjóri
Miðstöðvar hönnunar og
arkitektúrs

ÁRSREIKNINGUR 2020

Rekstrartekjur 2020 voru samtals 605 m.kr. og eru tilkomnar vegna leigu húseignarinnar að Sturlugötu 8 sem hýsir Íslenska erfðagreiningu, leigu á byggingarrétti að Sæmundargötu 15-17, þar sem Alvotech rekur Hátæknisetur og af leigu á byggingarrétti að Bjargargötu 1, áður Sturlugötu 6, þar sem CCP reisir hugmyndahús. Leigutekjur eru bundnar vísitölu neysliverðs til verðtryggingar og taka breytingum samkvæmt því. Vísitölubreytingar skýra að mestu hækkan tekna frá fyrra ári þegar þær voru 564 m.kr. en einnig voru afslættir hjá einum leigutaka árið áður.

Hagnaður félagsins á árinu 2020 nam kr. 1.083 m.kr. samanborið við 322 m.kr. árið áður. Mest munar um matsbreytingu fasteigna sem var jákvæð um 965 m.kr. á árinu 2020 samanborið við 217 m.kr. árið áður. Ástæður hækkunar milli ára má rekja til þess að gerður var nýr lóðarleigusamningur og lóð afhent við Sæmundargötu 19 þar sem Alvotech ætlar sér að byggja við núverandi starfsemi sína í Vatnsmýri. Þar sem Vísindagarðar Háskóla Íslands færa fjárfestingaeignir sínar á gangvirði í samræmi við lög um ársreikninga er samningurinn metin til gangvirðis.

Fjármagnsgjöld eru svipuð milli ára og nema um 429 m.kr. samanborið við 423 árið áður. Helstu breytingar eru að reiknaðar verðbætur hækka um tæpar 61 m.kr. en þær voru neikvæðar á árinu 2020 um 221 m.kr. samanborið við 160 m.kr. árið áður. Á móti þeirri hækkan lækka aftur á móti greiddir vextir. Handbært

fé frá rekstri var 375 m.kr. á árinu 2020 samanborið við 295 m.kr. árið áður. Þá fjárfesti félagið fyrir um 229 m.kr. á árinu sem að mestu er vegna byggingar bílastæðakjallara.

Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir félagsins kr. 12.225 m.kr. og skuldir 7.752 m.kr., en langtímalán eru verðtryggð með sömu vísitölu og tekjur. Bókfært eigið fé í árslok er kr. 4.473 m.kr. og er eiginfjárhlutfall félagsins 36,6%.

Í lok ársins líkt og í upphafi voru tveir hluthafar í félaginu en það eru Háskóli Íslands með 94,6% hlut og Reykjavíkurborg með 5,4% hlut. Í samþykktum félagsins segir að eigendum sé óheimilt að taka hagnað eða arð út úr félaginu. Félagið starfar í þágu almannaheilla og uppfyllir því undanþáguskilyrði um greiðslu tekjuskatts sbr. 4.gr. laga nr. 90/2003 og hefur fengið formlega staðfestingu frá ríkisskattstjóra á undanþáguskilyrðunum og er undanþegið tekjuskatti.

Deloitte ehf. aðstoðaði við gerð ársreikningsins en Ríkisendurskoðun annaðist endurskoðun. Að áliti Ríkisendurskoðunar, stjórnar og framkvæmdastjóra Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. koma fram í ársreikningi allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að gefa glögga mynd af rekstri og efnahag félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2020 í samræmi við lög um ársreikninga. Engar athugasemdir koma fram í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar.







Fyrsta
skóflustungan
að stækkun
líftækniseturs
Alvotech
30.12.2020







Vísindagarðar
Háskóla Íslands

visindagardar.is

Ljósmyndir: Kristinn Ingvarsson